# Minnispunktar o.fl.

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

*Bréfa- og málasafn: Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands - Stjórnarskrármálið ca. 1940-1953.*
*Bjarni Benediktsson var formaður stjórnarskrárnefndar frá 24. maí 1947.*

Askja 2-9, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**Endurrit af minnisblaði í ráðuneytinu, dags. 12. marz 1941, um athugun og viðtal, er þáverandi forsætisráðherra Hermann Jónasson fól skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins að gangast fyrir, til fullvissingar um afstöðu brezku stjórnarinnar til ógildingar sambandssáttmálans og stofnunar lýðveldis.**

Herrmann Jónasson óskar í svargrein að lýsa yfir:

Að eins og Jónasi Jónssyni sé kunnugt, hafi íslenzku ríkisstjórninni, venjulega boðleið, verið skýrt frá skoðun brezku ríkisstjórnarinnar að því er varðar framkomnar raddir um að slíta konungssambandinu, lýsa yfir stofnun íslenzks lýðveldis og að sambandslögin séu hætt að vera í gildi sökum vanefnda af hálfu konungs og dönsku stjórnarinnar. Er sú skoðun í samræmi við þá tímaritsgrein, sem sérstaklega hefir verið vísað til (Tatler), að ráðlegast sé að fara hægfara leið.

Bretland

Mætti einnig orða síðustu málsgrein þannig:

Er skoðun brezku stjórnarinnar í stuttu máli sú, að Íslandi myndi henta bezt að fylgja út í æsar ákvæðum sambandslaganna.

---

Í viðtali í dag skýrði Howard Smith, að gefnu tilefni af mér, frá því, að hann hefði ekkert á móti því að forsætisráðherra skýrði þannig frá þeim skilaboðum, er hann flutti íslenzku ríkisstjórninni við hingaðkomuna úr leyfi í febrúar síðastl.

Síðari og ákveðnari yfirlýsingu um afstöðu Breta orðaði Howard Smith þannig:

"Those views are simply that Iceland would be well advised to adhere strictly to the terms of the Act of Union.

12/3'41 Þ.Þ.

þar sem Danmörk hefir verið
~~[illegible]~~, hernumin
[þar sem konungi er því ómögulegt
að fara með vald sitt á Íslandi]
þar sem ætla má, því, að Danmörk
geti ekki gætt hagsmuna Íslands
gagnvart öðrum ríkjum
og þar sem ~~[illegible]~~ hlut-
leysi Íslands þessvegna er búin hætta af
sambandi við Danmörku
lýsir Alþingi yfir, að það telur
samning þann, sem fólginn er í
Dansk-íslenskum sambandslögum nr. 39
frá 30. nóv. 1918 fallinn úr gildi.

~~þar sem konungur Íslands dvelur í hernumdu landi og~~

þar sem Danmörk ~~hefir~~ hefir verið
hernumin og konunginn er því
ómögulegt að fara með vald
sitt hér á landi ákveður Alþingi
að fela ríkisstjórninni að fara
með hið æðsta vald í málefnum
ríkisins, þar til Alþ. ákveður annað ~~[illegible]~~

Trúnaðarmál

1) Álitsgjörð,

afhent forsætisráðherra af sendifulltrúa Bandaríkjanna þann 31. júlí 1942:

Þegar tækifæri gefst óskum vér, að þér látið í ljós við forsætisráðherrann á hinn allravinsamlegasta hátt, að ríkisstjórn Bandaríkjanna þyki leitt að frétta, að á Íslandi séu vissir hópar manna, (certain factions), sem beiti sér fyrir ógildingu sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur fyrir tilskilinn tíma; ennfremur, að það sé skoðun Bandaríkjastjórnar, að Þjóðverjar mundu nota sér það,að Ísland ákvæði einhliða ógildingu sambandslaganna gagnstætt ákvæðum sambandslagasamningsins í þessu efni og á þeim tíma, er herlið Bandaríkjanna er á Íslandi, til þess að dreifa út skaðlegum áróðri á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, sem gæti haft óheppilegar afleiðingar fyrir hagsmuni bæði Íslands og Bandaríkjanna; (Þjóðverjum er það leikur einn af breiða út slíkan áróður) og að þessvegna, enda þótt Bandaríkin óski alls ekki að hafa afskipti af hreinum innanlandsmálum Íslands, treysta þau því, að forsætisráðherra Ólafur Thors muni ekki misvirða það, að Bandaríkin bendi á, að það muni vera í beztu samræmi við hagsmuni Íslands jafnt og Bandaríkjanna, að þaggað sé niður í þeim, er beita sér fyrir því, að sambandslagasamningurinn sé nú einhliða ógiltur.

2) Álitsgjörð,

afhent sendifulltrúa Bandaríkjanna af forsætisráðherra þann 8. ágúst 1942.

Út af hinum vinsamlegu skilaboðum, sem þér fluttuð mér 31. júlí þ.á., um óþægindi þau, sem stjórn U.S.A. telur, a premature abrogation of the Treaty of Union between Iceland and Denmark geta valdið, hefi ég haft samráð við formenn og forustumenn allra flokka Alþing-

is, enginn þeirra undantekinn, og standa þeir óskiptir bak við það, sem nú skal greina:

1) Það hefir ekki verið og er ekki ósk Íslendinga að baka stjórn U.S.A. nein óþægindi, heldur, að áfram haldist óskert það vinsamlega samneyti, sem verið hefir.

2) Orðalagið premature abrogation á væntanlega við abrogation, sem gangi í gildi fyrir 1944, því að frá þeim tíma að telja gefur samningurinn sjálfur skýlausa heimild til þess að slíta sambandinu einhliða. Um það hefir aldrei verið neinn ágreiningur milli Íslendinga og Dana né við aðra, enda orð samningsins um það efni ótvíræð.

3) Tvisvar löngu fyrir núverandi ófrið hefir Alþingi lýst því yfir einróma, að þessi heimild yrði notuð af Íslands hálfu, þ.e. sambandinu slitið þegar eftir árslok 1943. Þetta er á vitorði Dana, hinna Norðurlandaþjóðanna og annara, sem fylgjast með málefnum Íslands. Hafa menn því verið við því búnir.

4) Ákvörðunin um að slíta sambandinu og stofna lýðveldi á Íslandi hefir að baki sér ekki eingöngu alla flokka þingsins, heldur og alla þingmenn án undantekningar (ekki aðeins certain factions) og væntanlega yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Mun það koma fram við þjóðaratkvæði, sem látið verður ganga áður en málinu er ráðið til lykta til fullnustu.

5) Vakin skal athygli á því, að 17. maí 1941, lýsti Alþingi því yfir einróma, <u>að</u> það teldi Ísland hafa öðlast rétt til fullra sambandsslita við Danmörku og <u>að</u> það vildi, að stofnað verði lýðveldi á Íslandi jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verði formlega slitið. Þessar ályktanir höfðu þannig verið gerðar og birtar opinberlega áður en hervernd U.S.A. á Íslandi kom til tals. Þessar ályktanir Alþingis voru tilkynntar stjórn Dana formlega stjórnarleiðina.

6) Rétturinn til sambandsslita nú þegar byggist á þeirri skoðun íslenzkra fræðimanna, sem þeir telja í samræmi við skoðun flestra fræðimanna um alþjóðarétt, að samningsslit séu réttmæt, ef annar aðili ekki fullnægir í verulegum atriðum. En síðan 9. apríl 1940 hafa Danir ekki átt kost á að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum, og hann þar með burtu fallinn, er Ísland óskar þess. Enda frumréttur viðurkenndur fullvalda þjóðar að ákveða sjálf stjórnarfyrirkomulag sitt.

7) Ef óskað er frekari upplýsinga um þróun málsins og aðrar staðreyndir eða frekari skýringa, er mælst til, að rætt sé við sendiherra Íslands í Washington og þess jafnframt óskað, að honum sé afhent afrit af orðsendingu þessari.

8) Þess skal getið, að Alþingi mun lýsa yfir því, að danskir ríkisborgarar skuli halda óskertum réttindum sínum samkvæmt sambandslagasamningnum, þar til hægt verður að semja um framtíðarviðskipti þjóðanna, þótt Dönum hafi ekki verið og sé ekki unnt að fullnægja samningsskyldum sínum.

9) Ríkisstjórnin hefir þegar eftir að Alþingi hafði í júní 1942 ákveðið að skipa nefnd til þess að undirbúa fyrir þing það, sem nú er komið saman, frumvarp að lýðveldisstjórnarskipun, gert ráðstafanir til þess að skýra konungi og ríkisstjórn Dana frá öllu málinu. En ekki er komin enn frétt um, að sú skýrsla, sem send var af stað fyrir 6 vikum síðan, sé komin fram. Hún var ekki komin fram fyrir viku síðan.

10) Núverandi ríkisstjórn hefir opinberlega lýst yfir því, að hún mundi beita sér fyrir lausn málsins á þessu ári. Frá þessu er því ekki hægt að víkja án þess að gefa opinberar skýringar, sem varla verður neitað, að hægt sé að nota á einhvern hátt til propaganda.

11) Ég vænti þess, að stjórn U.S.A. taki framangreindar ástæður til sömu vinsamlegu athugunar sem vér erum jafnan fúsir til að athuga það, sem stjórn U.S.A. kann að hafa frekar fram að bera. En þess skal getið, að vegna skammrar setu í þetta sinn verður Alþingi að taka mál þetta fyrir mjög bráðlega.

----------

Sendiráð Bandaríkja Norður-Ameríku
Reykjavík, 20. ágúst 1942.

Herra ráðherra,

Með skírskotun til álitsgjörðar yðar, herra ráðherra, sem mér var afhent 8. ágúst 1942, leyfi ég mér, samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnar minnar, að setja fram hér að neðan athugasemdir ríkisstjórnar Bandaríkja Norður- Ameríku við álitsgjörð yðar.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefir íhugað gaumgæfilega álitsgjörðina, sem lýsir sjónarmiði Íslands að því er varðar einhliða uppsögn í náinni framtíð á sambandslagasamningnum milli Íslands og Danmerkur og sambandi því, sem byggist á honum.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna viðurkennir, að ógilding samningsins og sambandsins og hinar fyrirhuguðu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnarfari Íslands, sé mál, sem íslenzka þjóðin ein ætti á friðartímum að taka ákvörðun um, eftir óskum sínum og þörfum.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefir ekki minnstu löngun til þess að skerða á nokkurn hátt athafnafrelsi Ís -

lenzku þjóðarinnar í þessu máli, en það er hinsvegar ósk Bandaríkjastjórnar, að á þessum erfiðu tímum sé akkert það aðhast, sem kynni að hafa óheppileg áhrif á hernaðarátök hinna sameinuðu þjóða, en undir árangir þeirra er svo mjög komið frelsi og framtíðarvelferð, ekki einasta Bandaríkjanna og Íslands, heldur og annara þjóða. Það er skoðun Bandaríkjastjórnar, að sameiginlegir hagsmunir í góðum árangri af hernaðaraðgerðum hinna sameinuðu þjóða séu best tryggðir með því, að óbreytt ástand (status puo) sé nú látið haldast á Íslandi. Það að viðhalda óbreyttu ástandi, mundi forða því að fram kæmu ásakanir um, að Íslendingar hefðu notað sér ólán Danmerkur, sem og koma í veg fyrir þá fölsku ásökun, að Bandaríkjastjórn hefði notað sér hérveru Bandaríkjahers og ástandið í Danmörku til þess að greiða fyrir sambandsslitum.

Stjórn yðar og mín stjórn vita það báðar, að Bandaríkin eru á engan hátt riðin við hinar fyrirhuguðu aðgerðir Íslendinga í sjálfstæðismálinu, en öxulríkin mundutelja öðrum þjóðum og stjórnum trú um, að Bandaríkin ættu þar upptökin.

Af framansögðum ástæðum vill Bandaríkjastjórn endurtaka þá bendingu, að rétt sé að fresta að taka ákvörðun um sambandsslitin þangað til betur stendur á, ekki aðeins vegna Bandaríkjanna og Íslands sjálfs, heldur og í þágu heimsskipulagsins og skilnings milli þjóða yfirleitt.

Kveðjuorð,

(Sign.) Carlos Warner,
sendifulltrúi Bandaríkjastjórnar
á Íslandi.

Herra forsætisráðherra,

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga hafa vandlega íhugað orðsendingu yðar dags. 20. ág. 1942, herra sendifulltrúi, sem hefir inni að halda orðsendingu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku varð álitsgerð mína, er yður var afhent 8. ágúst 1942.

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi meta mjög mikils þá yfirlýsingu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, að ógilding sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur og sambands þess, sem byggist á honum og hinar fyrirhuguðu breytingar á stjórnskipun Íslands, sé mál, sem íslenska þjóðin ein eigi á friðartímum að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og þörfum. En því fremur eru Ríkisstjórn Íslands og Alþingi samhent um,

að ríkisstjórn Bandaríkjanna muni
að athuguðu máli fallast á, að
á slíkum ~~[illegible]~~ hættu-
tímum sem þessum, sé eðli-
legt, að íslenska þjóðin óski
að koma ~~[illegible]~~ stjórnarskipun sinni
~~í fastri form~~ í fast form í
samræmi við fyrri yfirlýsingar
Alþingis, til þess fremur að
vera betur viðbúin örðugleikum
þeim, er að steðja, heldur en
unt er með þeirri bráðabirgða-
skipun sem nú er. Enda fái
ríkisstjórn Íslands og Alþingi eigi
skilið, að baráttunni fyrir frelsi
í heiminum geti orðið að því
ógagn, að hin litla íslenska þjóð
megi nú á lögformlegan hátt staðfesta
það frelsi, sem hún um aldir hefir
þráð, og hún hefir nú í verki hlotið
fyrir atbeina vors ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~. Að þessu
athuguðu treysta ríkisstjórn Íslands
og Alþingi Íslendinga því, að ríkis-
stjórn Bandaríkjanna skilji, að íslensku
þjóðinni er einsi vant að líta niður

falla fyrri uppsagnar
ákvæði til
formlegra
sambandsslita
Íslands og Dan-
merkur og
endanlegra sam-
þykktar þjóðar-
innar á frjálsu Íslandi

Í tilefni af orðsendingu yðar, herra sendifulltrúi, dags. 20. ágúst 1942, sem hefir inni að halda athugasemdir ríkisstjórnar Bandaríkja Norður Ameríku við álitsgerð mína, er yður var afhent 8. ágúst 1942, vil eg tjá yður það, sem nú skal greina:

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga hafa rækilega íhugað athugasemdir þessar, þar sem fram kemur, að ~~[m.a. er lýst yfir, að ríkisstjórn Bandaríkjanna vilji benda]~~ ríkisstjórnirnar eru sammála um, að ógilding sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur og sambands þess, sem byggðist á honum, og hinar þýðingarmiklu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnskipun Íslands, sé mál, sem íslenska þjóðin ein eigi á friðartímum að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og

frá þinni. [Ríkisstjórn Íslands og Alþingi meta mjög mikils þessa yfirlýsingu, sem er enn frekari staðfesting á] efni orðsendingar Forseta Bandaríkja N.-A. til forsætisráðherra Íslands 8. júlí 1941. [þar sem þannig er ljóst, að] enda er ~~með þessu staðfest~~ [að] það í samræmi við þann skilning, sem Íslendingar hafa frá öndverðu lagt í

Að þessum og ~~samfallar~~ framtí- öllum öðrum atriðum vandlega ~~þessarar yfirlýsingar og eftir~~ athuguðum ~~mjög vandlega íhugum allra annarra atriða~~], hafa ríkisstjórn Íslands og Alþingi orðið á sátt um að fresta að svo stöddu að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnskipun ríkisins. [Hafa framt þó, sem ráðstafanir eru gerðar, til þess að þessar [ ] mikilvægu aðgerðir verði (sem) betur undirbúnar en hingað til hefir gefizt kostur á.]

Í þess stað verða einungis gerðar ráðstafanir, sem af innri ástæðum eru nauðsynlegar til þess að málið verði ~~en~~ sem best undirbúið, þegar ~~Alþingi tekur~~ tímabært þykir að taka það upp til afgreiðslu.

um á við?

1.

a) Vilji flokkarnir samsteypustjórn upp á leið P.O.

b) " " " " " " " Jakobs M.

2.

Út af skilaboðum frá forsætisráðherra til Framsóknarflokksins meðteknum í dag, viðvíkjandi sjálfstæðismálinu, leyfir Framsóknarflokkurinn sér að spyrjast fyrir hjá ríkisstjórninni um það, hvaða tillögu um afgreiðslu sjálfstæðismálsins á þessu þingi ríkisstjórnin, og þeir þrír flokkar, sem hún styðst við, gjöra sameiginlega, eins og málið horfir nú við.

Miðvikudagur 26. ágúst 1942.

3.

Í principinu ekki fært fara áhættuleið nema allir flokkar standi saman um hana, og besta árangurs að vænta með myndun samsteypustjórnar allra flokka um málið.

4.

Erum principielt reiðubúnir til að vera með í allsherjarsamstarfi um baráttuleiðina í sjálfstæðismálinu og álítum best árangurs að vænta, ef hægt er að mynda einhuga stjórn á grundvelli sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og sjálfstæðismálum, er njóti stuðnings allra flokka þingsins.

5.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til, að mynduð verði samstjórn allra flokka, til þess að leysa sjálfstæðismálið samkvæmt tillögu, sem kend hefir verið við Jakob Möller og flokkunum hefir verið afhent.

Ef flokkur yðar vill ekki aðhyllast þessa leið, er þess óskað, að hann segi til um, hvaða leið hann vill fara í málinu.

Alþingi 28. ágúst 1942.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir borið fram tillögu í sjálfstæðismálinu og farið fram á það við hina flokkana, að mynduð verði samstjórn allra flokka um þá afgreiðslu málsins, sem í tillögunni fellst, nú á þessu þingi.

Með tillögu þessari um afgreiðslu málsins hefir Sjálfstæðisflokkurinn fallið frá því að afgreiða sjálfstæðismálið á þann hátt, sem boðað var af ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar s.l.vor, með stofnun lýðveldis á Íslandi þegar á komandi hausti.

Framsóknarflokkurinn telur enn sem fyrr nauðsynlegt, að Alþingi standi saman út á við í sjálfstæðismáli þjóðarinnar. En flokkurinn lítur svo á, að með tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem nú liggur fyrir, vinnist ekki neitt í sjálfstæðismálinu umfram það, sem þegar hefir verið gert með ályktunum Alþingis 1941, en á tillögunni hinsvegar verulegir ágallar. Myndun þjóðstjórnar vegna slíkrar meðferðar á sjálfstæðismálinu, telur flokkurinn því ástæðulausa.

Enda þótt það sé ekki beinlínis sjálfstæðismálinu viðkomandi, vill flokkurinn, að gefnu tilefni, taka það fram, að til álita gæti komið, að gera nú ráðstafanir til þess, að endanlega verði hægt að ganga frá skipun æðstu stjórnar lýðveldis á Íslandi með einni samþykkt Alþingis og eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu. En flokkurinn telur áðurnefnda tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem virðist borin fram í þessum tilgangi, ekki aðgengilega.

Framsóknarflokkurinn vill taka það fram, að hann er að sjálfsögðu enn sömu skoðunar og áður um nauðsyn á samstarfi þingflokkanna um lausn aðkallandi vandamála þjóðarinnar. Var ýtarlega gerð grein fyrir því viðhorfi í bréfi til hinna þingflokkanna í byrjun þessa þings. Samstarfi var þá afdráttarlaust hafnað af hálfu hinna þingflokkanna, og afgreiðslu þingmála þannig hagað, að grundvöllur fyrir slíku samstarfi er nú alls ekki fyrir hendi. Geti hinsvegar þingflokkar þeir, er nú hafa ráðið afgreiðslu mála á Alþingi, á ný myndað grundvöll fyrir samstarfi, mun eigi standa á Framsóknarflokknum að gerast þáttakandi í því.

Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjskpl. 24. mars 1934 og 1. sept. 1942. Frá stjórnarskrárnefnd.

A. m. k. hafa til þessa engin andmæli komið fram gegn því, að svo hagað meðferð málsins

Alt til þessa hafa landsmenn verið sammála um, að sjálfstæðismálið yrði eigi leitt til lykta og lýðveldi á Íslandi eigi stofnað nema með breytingu á stjórnarskránni. Nú er því í fyrsta skifti haldið fram af sumra hálfu, að þetta sé hægt að gera með einfaldri þingsamþykt. Þeir sem þessu halda fram, rugla saman annarsvegar því, sem gera má til bráðabirgða sem neyðarráðstöfun, og hinsvegar því, sem gera þarf til að koma þessum málum í fast stjórnskipulegt horf. Ef fallist væri á þessa ~~sjónarmið sem nokkrir Framsóknarmenn hafa nú fundið upp~~ einkennilegu skoðun, þá mætti með sama rétti breyta til frambúðar öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, eins og t.d. kjördæmaskipuninni, með einfaldri þingsamþykt. Sú leið, sem sumir Framsóknarmenn benda nú á, liggur því ekki að endanlegri lausn sjálfstæðismálsins heldur í átt upplausnar og öryggisleysis.

Með því frv. sem hér liggur fyrir, er aftur á móti [redacted] greitt fyrir fullnaðarafgreiðslu sjálfstæðismálsins. Ef ekkert væri í málinu aðgert nú, eins og minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Framsóknarflokksins virðast vilja, þá þarf til endanlegrar afgreiðslu þess samþykki eins alþingis, þingrof og almennar kosningar, samþykki hins nýja alþingis á frv. óbreyttu og staðfestingu handhafa konungsvaldsins. Auk þessa ~~hafa Allir verið sammála um~~ hefir almennt verið svo ráð fyrir gert, að áður en málinu væri endanlega til lykta ráðið, skuli um það ganga þjóðaratkvæði eða um það haldinn þjóðfundur. Í stað þessarar margbrotnu meðferðar er með þessu frv. lögelgað, að til fullnaðarafgreiðslu málsins sé nægilegt, að eitt alþingi samþykki hana og hún verði síðan samþykt við einfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þarf ekki að eyða orðum að því, hvor leiðin sé greiðfærari né að því, að nú er í fyrsta sinn rádgert, að hið endanlega takmark verði ákveðið í sjálfri stjórnarskránni.

Hitt er rétt, að meiri hluti nefndarinnar hafði miklu heldur kosið að samþykkja nú frv. um sjálfa fullnaðarafgreiðslu málsins. Gegn þessu eru samt veigamiklar ástæður, sem gera að verkum, að ~~hæpið er~~, að samþykkt slíks frv. nú mundi flýta endanlegri lausn málsins. Jafnvel þótt engin önnur atvik kæmi þar til, mundi slíkt frv. eins og þegar er sagt ekki öðlast gildi fyr en eftir, að næsta þing hefði samþykkt það á ný, það verið staðfest á venjulegan hátt og hlotið samþykki þjóðarinnar við almenna atkvæðagreiðslu. Ef frv. það, sem nú liggur fyrir, verður samþykkt, er unt að afgreiða sjálft aðalmálið á næsta þingi og skjóta því síðan þegar undir atkvæði þjóðarinnar.

Með þessu frv. er því hægt að ljúka málinu nákvæmlega jafnfljótt og þótt sú leið væri farin, sem í upphafi var fyrirhuguð. ~~Hitt er annað hvort fært þykir að afgreiða málið til fulls á næsta þingi.~~ Það fer m.a. eftir því, hvort þjóðin stendur einhuga um ~~málið~~ það. Þess verður því að vænta, að sú tilraun, sem ~~nú er af annara hálfu~~ gerð hefir verið til að vekja sundrungu og ófrið um ~~það~~ málið, verði látin niður falla. Einhuga þjóð getur miklu til vegar komið, sem sundraðri mistekst.

þessir telja

L, enda naumast eining ekki fengin hendi um þvílíka lausn.

væntanlega eftir að hafa

Hitt er á valdi næsta þings, að ákveða, hvort ~~fært~~ fært þykir að afgreiða ~~málið~~ málið þá þegar.

~~Nefndin leggur til að samþykkja frv. og~~

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til þeirra yfirlýsinga sem af hálfu flokkanna hafa komið fram í umræðunum leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Alþingi 8. sept. 1942.

Bjarni Benediktsson formaður og frsm. Brynjólfur Bjarnason

[illegible]

Á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingmanna Framsóknarflokksins 18. nóvember 1943, voru eftirfarandi ályktanir samþykktar:

1. Framsóknarflokkurinn vill spyrjast fyrir um það hjá hinum stjórnmála-flokkunum hvort óhugsandi sé, að samkomulag náist milli stjórnmála-flokkanna um að sjálfstæðismálið fái endanlega þinglega afgreiðslu, 17-2o. maí næstkomandi með gildistöku 17. júní næstkomandi.

2. Ef ekki næst samkomulag um þetta, vill Framsóknarflokkurinn spyrjast fyrir um það, hvort sjálfstæðisflokkurinn og sósíalistaflokkurinn séu ófáanlegir til að bíða með að ákveða hvenær málið skuli fá endanlega þinglega afgreiðslu til 28. þ.m., að alþýðuflokkurinn hefir fengið tækifæri til að taka flokkslega aðstöðu til málsins á aukaþingi sínu.

Náist ekki samkomulag í stjórnarskrárnefndinni um að fresta til 29. nóv. ákvörðun um það, hvenær lýðveldismálið verði afgreitt, og náist ekki samkomulag um að afgreiða málið 17-2o. maí 1943, heimilar flokkurinn fulltrúm sínum að fylgja fram eftirfarandi meðferð málsins:

1. Að flokkurinn leggi til fulltrúa með öðrum flokkum við flutning sjálfstæðismálsins á Alþingi, ef það verður tekið fyrir á Alþingi til lokameðferðar í janúar eða febrúar næsta ár.

2. Að lýsa yfir með öðrum flokkum í byrjun næsta mánaðar að skilnaðarmálið verði tekið fyrir til lokameðferðar eftir næstu áramót, á þeim tíma sem umsemst við þá flokka, sem fylgja málinu.

3. Að tilkynna sjálfstæðisflokknum og sósíalistaflokknum að Framsóknarflokkurinn sjái sér ekki fært að taka þátt í flutningi sjálfstæðismálsins á Alþingi fyrir næstu áramót.

Þingflokkar Framsóknarflokks, Sameiningarflokks Alþýðu Sósíalistaflokksins
og Sjálfstæðisflokks
eru sammála um, að stofna ~~[illegible]~~
lýðveldi á Íslandi eigi síðar en 17.
júní 1944 og hafa ákveðið að bera
fram á Alþingi ~~[illegible]~~ stjórnarskrá frumvarp
~~milli~~ milliþinganefndarinnar í byrjun janúarmánaðar
n.k. og verði Alþingi kallað saman til reglulegs fundar eigi
síðar en 10. janúar 1944 til þess
að afgreiða málið.

Alþingi 30. nóv. 1943

eru sammála um, að stofna skuli lýðveldi á Íslandi eigi síðar en 17. júní 1944

Þingflokkar

.

.

.

.

lýsa yfir því, að þeir standa saman að lausn sjálfstæðismálsins og hafa ákveðið að bera fram á Alþingi lýðveldisstjórnarskrárfrumvarpið, samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar, í byrjun janúarmánaðar n. k., og verði þing kallað saman eigi síðar en 10. janúar 1944 til þess að afgreiða þetta mál.

Alþingi, 1943.

Yfirlýsing

Þingfl. lýsa yfir því að þeir munu standa saman um stofnun lýðveldis á Ísl. 17. júní 1944 og hafa ákv. að bera fram á Alþ. frv. til lýðveldisstjskr. í byrjun jan. 1944 og verði þing kallað saman eigi síðar en 10. jan.

Trúnaðarmál

I.

Að vandlega íhuguðu máli ályktar Alþingi, að enn sé eigi vegna ríkjandi ástands tímabært að ganga frá formlegum sambandsslitum Íslands og Danmerkur og endanlegri stjórnskipun ríkisins og skuli því stjórnarskrárnefnd sú, sem kosin var á síðasta þingi, halda áfram störfum, enda sé nefndarmönnum fjölgað svo, að þar eigi sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeim flokki, sem Alþingi skipa.

--------

II.

Í tilefni af orðsendingu yðar, herra sendifulltrúi, dags. 20. ágúst 1942, sem hefir inni að halda athugasemdir ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku við álitsgerð mína, er yður var afhent 8. ágúst 1942, vil ég tjá yður það, sem nú skal greina:

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga hafa rækilega íhugað athugasemdir þessar, þar sem fram kemur, að ríkisstjórnirnar eru sammála um, að ógilding sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur og sambands þess, sem byggist á honum, og hinar fyrirhuguðu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnskipun Íslands, sé mál, sem íslenzka þjóðin ein eigi á friðartímum að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og þörfum. En því fremur er ríkisstjórn Íslands og Alþingi sannfært um, að ríkisstjórn Bandaríkjanna muni að athuguðu máli fallast á, að á slíkum hættutímum sem þessum, sé eðlilegt að íslenzka þjóðin óski að koma stjórnskipun sinni í fast form í samræmi við fyrri yfirlýsingar Alþingis til þess þannig að vera betur viðbúin örðugleikum

skipan, sem nú er. Enda fá ríkisstjórn Íslands og Alþingi ekki skilið, að baráttunni fyrir frelsi í heiminum geti orðið að því ógagn, að hin litla íslenzka þjóð megi nú á lögformlegan hátt staðfesta það frelsi, sem hún um aldir hefir þráð, og hún hefir nú í verki hlotið fyrir atburðanna rás. Að þessu athuguðu treysta ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga því, að ríkisstjórn Bandaríkjanna skilji, að íslenzku þjóðinni sé eigi unnt að láta niður falla fyrirhugaðar aðgerðir til formlegra sambandsslita Íslands og Danmerkur og endanlegrar samþykktar stjórnarskipunar alfrjáls Íslands.

III.

Alþingi ályktar, að samtímis næstu kosningum til Alþingis skuli leggja þá spurningu, hvort Íslendingar óski formlegra sambandsslita við Danmörku og stofnunar lýðveldis á Íslandi, undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

IV.

1) 80. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 17. júní 1944. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920, og stjórnskipunarlög nr.22, 24. marz 1934, og
um breyting á henni.

2) 80. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi þegar Alþingi ákveður. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 og stjórnskipunarlög nr. 22, 24. marz 1934, og

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga hafa vandlega íhugað orðsendingu yðar, dags. 20. ágúst 1942, herra sendifulltrúi, sem hefir inni að halda athugasemdir ríkisstjórnar Bandaríkja Norður - Ameríku við álitsgerð mína, er yður var afhent 8. ágúst 1942. Af þessu tilefni vil ég tjá yður það, sem nú greinir:

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi vilja á engan hátt aðhafast neitt það, sem kynni að hafa óheppileg áhrif á hernaðarátök hinna sameinuðu þjóða. Ríkisstjórn Íslands og Alþingi hafa því ákveðið, (3) að hin nýja stjórnarskrá, sem þegar hafði verið fastmælum bundið, að samþykkt skyldi á þessu þingi, skuli eigi öðlast gildi (2) þegar í stað, svo sem ráðgert var, heldur fyrst 17. júní 1944, en þá var samkvæmt fyrirmælum sjálfs sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur heimilt að fella hann úr gildi, og því eigi unnt að misnota afnám hans á þann hátt, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna óttast að gert kunni að verða, ef Ísland notar rétt þann, sem það telur sig hafa til þess að fella hann nú þegar úr gildi.

(2) skuli eigi öðlast gildi fyrr en Alþingi ákveður. Sambandslagasáttmálinn milli Íslands og Danmerkur haggast því eigi við samþykkt stjórnarskrár þeirrar, sem Alþingi nú afgreiðir og vafalaust verður endanlega samþykkt á næstkomandi hausti eða fyrrihluta vetrar. Með þessum hætti hefir Alþingi í hendi sér að láta hina nýju stjórnskipun ganga í gildi jafnskjótt sem nauðsynlegt er talið vegna hagsmuna Íslands, án þess að hinum sameinuðu þjóðum séu þar með bakaðir örðugleikar. En stjórnarskrárbreyting er á Íslandi svo miklum örðugleikum bundin, að eigi hefir þótt unnt að fresta samþykkt hennar úr því að hættu þeirri, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna óttast, verð-

ur forðað með þessum fyrirvara um gildistöku hennar.,

(3) hafa því ákveðið að hverfa frá því að samþykkja niðurfall sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur og endanlega stjórnskipun íslenzka ríkisins nú þegar, en láta í þess stað á næsta hausti fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, sem gæti orðið til leiðbeiningar, þegar tímabært þætti að taka málið upp og öruggslega sannað, að eigi væri um að ræða erlend áhrif á ákvarðanir Íslendinga, og þar með forðað hinum skaðlegu áhrifum, er ríkisstjórn Bandaríkjanna óttast að leiða kunni af ákvörðun Íslendinga.

V.

a) Alþingi ályktar að veita þeri ákvörðunum um formleg sambandsslit Íslands og Danmerkur og endanlega stjórnskipun ríkisins, sérstaka helgi og þunga með því að samþykkja þær á þjóðfundi, sem saman verði kvaddur eftir ályktun Alþingis, þegar tímabært þykir vegna ríkjandi ástands. Stjórnarskrárnefnd sú, sem kosin var á síðasta þingi, skal því halda áfram störfum að undirbúningi fyrirhugaðar/ stjórnarskrár, jafnframt því, sem hún undirbúi kosningalög til þjóðfundar, enda sé nefndarmönnum fjölgað svo, að þar eigi sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeim flokki, sem Alþingi skipa.

b) Frv. til stjórnskipunarlaga um viðauka við stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920, o.s.frv.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 75. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þegar Alþingi telur tímabært að ganga frá formlegum sambandsslitum Íslands og Danmerkur og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, skal þegar í stað kveðja saman þjóðfund til að kveða á um sambandsslitin og setja fyrirmæli um skipun æðstu stjórnar ríkisins. Ályktanir þjóðfundar um þessi efni hafa gildi sem stjórnskipunarlög.

Á þjóðfundi eiga sæti 150 fundarmenn. Kosningarrétt og kjörgengi til þjóðfundar hafa allir þeir, sem kosningarrétt hafa til Alþingis.

Um fyrirkomulag kosninga til þjóðfundar skal kveðið á í lögum, en þjóðfundur setur sér sjálfur fundarsköp.

c) Í tilefni af orðsendingu yðar, herra sendifulltrúi, dags. 20. ágúst 1942, sem hefir inni að halda athugasemdir ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku við álitsgerð mína, er yður var afhent 8. ágúst 1942, vil ég tjá yður það, sem nú skal greina:

Ríkisstjórn Íslands og Alþingi Íslendinga hafa rækilega íhugað athugasemdir þessar, þar sem fram kemur, að ríkisstjórnirnar eru sammála um, að ógilding sambandslagasamningsins milli Íslands og Danmerkur og sambands þess, sem byggist á honum, og hinar fyrirhuguðu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnskipun Íslands, sé mál, sem íslenzka þjóðin ein eigi á friðartímum að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og þörfum, enda er það í samræmi við þann skilning, sem Íslendingar hafa frá öndverðu [illegible] lagt í orðsendingu forseta Bandaríkja Norður-Ameríku til forsætisráðherra Íslands 8. júlí 1941. Að þessu og öllum öðrum aðstæðum vandlega athuguðum, hafa ríkisstjórn Íslands og Alþingi orðið ásátt um að fresta að svo stöddu að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnskipun ríkisins, enda þótt annað hafi áður verið ákveðið. Í þess stað verða einungis gerðar ráðstafanir, sem af innri ástæðum eru nauðsynlegar til þess

að málið verði sem bezt undirbúið, þegar tímabært þykir að taka það upp til afgreiðslu.

——— o ———